

## **Tíundi fundur skráningarráðs Gegnis Fimmtudaginn 27. maí 2004.**

Tíundi fundur skráningarráðs var haldinn í húsakynnum Landskerfis bókasafna Borgartúni 37, 27. maí kl. 14:00.

Fundarmenn:

Auður Gestsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Herdís Tómasdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir, Sigrún Hauksdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

**0. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.**

Lögð var fram dagskrá fundarins.

**1. Skýrsla skráningarráðs 2004.** Þóra Sigurbjörnsdóttir lagði fram skýrslu um störf skráningarráðs, sem hún vann fyrir aðalfund Aleflis 24. maí. Í skýrslunni kemur fram hverjir skipa skráningarráð og hverjir starfa með því. Samkvæmt erindisbréfi skráningarráðs frá 2. júní 2003 er hlutverk þess yfirlitsskiptið. Fyrsti fundur var í lok ágúst og hafa verið haldnir 9 fundir og mörg mál tekin til umfjöllunar. Skráningarráð hefur mótað reglur um kröfur, sem gerðar eru til skrásetjara, sem fá heimild til að skrá í Gegni og verða þær endurskoðaðar reglulega. Ritstjóri Gegnis hefur eftirlit með nýjum skrásetjurum. Einnig hefur ráðið sett reglur um útgáfugreiningu. Meðal þess, sem rætt hefur verið á fundunum er greiniskráning tímarita og með hvaða hætti söfnin geti skipt henni á milli sín, ábyrgðaraðild í myndbandaskráningu, tónlistarskráning, efnisorð og einstök svið Marc-sniðsins. Sameining gagnagrunna Gegnis og Fengs hefur mikið verið rædd. Vegna slæms ástands bókfræðigrunnnsins sendi skráningarráð erindi til stjórnar Landskerfis bókasafna þar sem óskað var eftir því að ráðinn verði starfsmaður til að vinna að lagfæringum. Það mál er nú í vinnslu.

## **2. Skráningarþáttur.**

Fram kom að bréf mun verða sent til höfuðstöðva Aleph í Ísrael varðandi lagfæringar á uppsetningu kerfisins og leiðréttingu gagna sem skemmst hafa. Skrifa þarf greinargerð um málið og senda út sem fyrst. Sérfræðingar héðan (frá Landskerfi bókasafna og Lbs-Hbs) fara til Hamborgar á fund kerfismeistara þar til að leggja drög að lagfæringum.

Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis lagði fram bréf vegna alvarleika málsins dagsett 13. maí 2004:

### **Ástandslýsing skráningarþáttar og tillaga til úrbóta.**

Í bréfinu kemur fram, að skráningarþáttur Gegnis er ekki í nothæfu ástandi og vinnumhverfi skrásetjara hvorki boðlegt né viðunandi. Í skjalinu er tillaga til úrbóta þess efnis að ExLibris sendi sérfræðing hingað með þekkingu, færni og þjálfun til að aðstoða kerfisbókaverði Landskerfis bókasafna við að koma uppsetningu kerfisins í lag og gera vinnumhverfi notenda viðunandi. Haft verði samráð við skrásetjara og leitað sérþekkingar þeirra þegar þurfa þykir.

Rökstuðningur fyrir tillögunni er sá að stór hluti bókfræðifærslna í gagnasafninu hafi skemmt eftir að kerfið var tekið í notkun, vegna þess hvernig kerfið var sett upp – sbr. skipanir, sem eyddu greinamerkjum úr tilteknum sviðum í færslunum. Endurbótum hafi verið lofað en ekki efndar. Einnig að nafnmyndir í höfðalistum endurspegla ekki undirliggjandi bókfræðifærslur. Afleiðingin er sú að við skrásetningu eru gallaðar nafnmyndir sóttar í höfðalista.

Þótt búið sé að rjúfa tengsl nafnmyndaskrár og bókfræðigrunns eru ennþá skipanir í kerfinu, sem hafa áhrif á greinarmerki í bókfræðifærslum og skapa misræmi milli sviðs í nýjum bókfræðifærslum annars vegar og tilsvarendi nafnmyndar í höfðalista hins vegar. Fara þarf skipulega yfir hjálpartexta skráningarþáttar.

Bréfið hafði verið afhent landsbókaverði og kynnt í stjórn Landskerfis bókasafna. Stjórn Landskerfis bókasafna fól Árna Sigurjónssyni að senda bréf til Aleph í Ísrael, þar sem vandamálunum er lýst og óskað aðstoðar við lagfæringu.

Hildur lagði fram: **tillögu til skráningarráðs frá ritstjóra** **Gegnis** þess efnis að skráningarráð Gegnis samþykki að láta loka skráningarþættinum í tvær vikur frá og með 29. maí til og með 13. júní 2004 eða þar til búið er að lagfæra skráningarþáttinn og bæta skaðann á bókfræðifærslum af völdum uppsetningar hans til að koma í veg fyrir frekari skemmdir á gögnum.

Skráningarráð samþykkti erindi Hildar einróma. Var lagt til vegna alvarleika þessa máls að hafa lokun Gegnis lengri en upphaflega var lagt til, þ.e. í 4 vikur, eða þar til búið er að lagfæra skráningarþáttinn og bæta skaðann. Tillagan var endanlega samþykkt á eftirfarandi máta: *Vegna þess hvernig skráningarþáttur Gegnis var settur upp hafa bókfræðigögnin skaddast og þau þarfnast lagfæringa til að verða nothæf á ný. Skráningarþátturinn virkar ennþá ekki sem skyldi, er ónothæfur og vinnuumhverfi skrásetjara hvorki boðlegt né viðunandi. Til að koma í veg fyrir frekari skemmdir á gögnum samþykkir skráningarráð Gegnis að láta loka skráningarþættinum í fjórar vikur, frá og með 29. maí til og með 27. júní 2004 eða þar til búið er að lagfæra skráningarþáttinn og bæta skaðann á bókfræðifærslum af völdum uppsetningar hans.*

Hildur lagði fram: drög að tilkynningu til að senda á póstlista skráningarráðs – Vöndu og á póstlista Landskerfis bókasafna um tímabundna lokun á skráningarþætti Gegnis. Það var samþykkt með fyrrgreindum breytingum. Hildur mun senda út tilkynningarar.

**3. Skráningarheimildir.** Rætt var um skráningarheimildir. Sumir þeirra, sem hafa heimild vinna ekki við skráningu og var rætt um hvernig ætti að meðhöndla það. Þörf er á reglum um í hvaða tilfellum á að aftengja skráningarheimildir og var ákveðið að móta slíkar reglur sem fyrst. Hildi og Þórdísi var falið að móta tillögur að reglum.

#### **4. 008- sviðið bækur.**

Þessum lið var sleppt.

**5. Kennsluefni.** Mikilvægt er að námsgagnasöfn verði komin í lag fyrir upphaf kennslu í haust. Ragna tók að sér að kalla saman hóp um kennsluefni, sem skipaður var á samráðsfundi 13. nóv. 2003 í Þjóðarbókhöð.

## **6. Titill á frummáli**

Umfjöllun frestað til næsta fundar.

## **7. Formgreining.**

Umfjöllun frestað til næsta fundar.

**8. Breytingar á skráningarráði.** Rætt var um breytingar á skráningarráði. Skráningarráð var skipað til eins (1) árs af stjórn Aleflis með erindisbréfi 2. júní 2003 og er því tímabili að ljúka. Einn nefndarmanna, Herdís Tómasdóttir Listaháskóla Íslands, mun láta af störfum þar og einnig í skráningarráði. Þarf að skipa aftur í skráningarráð.

## **Önnur mál:**

**Gegningar og fengitími.** (Tilv. í Einar Ólafsson Bbs.)

Hildur Gunnlaugsdóttir dreifði til kynningar tilgátu um hve margar af bókfræðifærslunum í nýja Gegni ættu að eiga möguleika á að sameinast.

Næsti fundur var boðaður 21. júní kl. 14:00 í Borgartúni 37.

Fundi slitið kl. 16:20.

Fundarritari:

Herdís Tómasdóttir